

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 3/2009

frá 5. febrúar 2009

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og
vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 96/2008 frá 26. september 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/15/EB frá 14. mars 2007 um breytingu á I. viðauka við tilskipun ráðsins 74/483/EBE varðandi útstæða hluta vélknúinna ökutækja, í því skyni að laga hann að tækniframförum ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 17. lið (tilskipun ráðsins 74/483/EBE) í I. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32007 L 0015:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2007/15/EB frá 14. mars 2007 (Stjtið. ESB L 75, 15.3.2007, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2007/15/EB, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. febrúar 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 20.11.2008, bls. 15, og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 70, 20.11.2008, bls. 3.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 75, 15.3.2007, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Alan Seatter

formaður.